62
30. dse.

ings milli Danmerkur og Portúgals frá 14. desbr. 1896 á meðan vín frá Portúgal, sem ekki er í meira en 21% af vínanda, eru undanþegin banni á innflutningi áfengra drykkja, sem í gildi eru á Íslandi. En þar sem Ísland hefir engar nýlendur, ber að skoða orðin „eða frá nýlendum þess“ og sömuleiðis orðin, sem standa í sambandi við þau, „útflutt frá móðurlandinu“, sem útstrikuð.

Þessi ákvæði ber að skoða sem samning milli þessara tveggja ríkisstjórna, er gildi frá 25. maí 1923.

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.

63
30. des.

AUGLÝSING

um

verslunarsamning milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Spánar.

Stjórnir Íslands og Spánar hafa 23. júlí 1923 gert svofeldan verslunarsamning, sem saminn hefir verið á frönsku.

SAMNINGUR.

Til þess að tryggja og auka verslunarviðskifti milli Íslands og Spánar hafa undirritaðir, sem til þess hafa löglegt umboð, orðið ásáttir um eftirfarandi samning.

1. gr.

Ísland og Spánn skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því er að verslun, siglingum og öðrum atvinnurekstri lýtur, og ennfremur að því er snertir skatta, gjöld (að undanskildum tollgjöldum) og öll önnur álög, jafngóð kjör sem þau, er veitt eru eða veitt kunna að verða þjóð þeirri, er bestu kjörum sætir, enda komi þetta ekki í

En vue d'assurer et de développer les relations commerciales entre l'Islande et l'Espagne, les soussignés dûment autorisés à cet effet, sont convenus de la Déclaration suivante.

Article 1.

Sauf dispositions contraires contenues dans les articles suivants l'Islande et l'Espagne s'engagent à s'accorder réciproquement, en tout ce qui concerne leur commerce, leur navigation et toute autre industrie, ainsi qu'au sujet des taxes droits (à l'exception des droits de douane) et toutes autres contributions, un traitement aussi favorable que celui

63 30. des.

bága við gagnstæð ákvæði í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Vörur frá Íslandi skulu við innflutning til Spánar sæta kjörum II. flokks hinnar spönsku tollskrár, sem í gildi er á hverjum tíma.

Vörur frá Spáni skulu við innflutning til Íslands njóta lægstu tollkjara, sem veitt eru eða veitt kunna að verða samskonar eða líkum vörum frá öðrum löndum.

Þó skal um fisk gilda samkomulag það, sem nú er milli stjórnar Íslands annarsvegar og stjórnar Spánar hinsvegar, en samkvæmt því skal ekki fiskur frá Íslandi sæta óhagstæðari tollkjörum en þeim, sem veitt eru eða veitt kunna að verða fiski frá hverju landi sem er, bæði að því er tekur til tollkjara og tollgæslu yfirhöfuð, svo lengi sem verslunarsamband milli Íslands og Spánar hvílir á samningsgrundvelli, hvort heldur er bráðabirgða eða fullnaðarsamningur, gegn því að Ísland veiti vínum frá Spáni, sem ekki innihalda meira en 21% af vínanda (alkohol), undanþágu frá ákvæðum íslenskra laga frá 14. nóvember 1917, um bann gegn innflutningi áfengra drykkja, og gegn því að Ísland ekki með reglugjörð um misbrúkun vína setji ákvæði, sem koma í bága við undanþágu spánskra vína frá ákvæðum nefndra laga.

qui est accordé ou pourrait être accordé à la nation la plus favorisée.

Article 2.

Les marchandises originaries et en provenance d'Islande seront admises à leur importation en Espagne au bénéfice de la deuxième colonne du tarif espagnol en vigueur de tout temps.

Les marchandises originaires et en provenance de l'Espagne seront admises à leur importation en Islande au bénéfices des taux les plus réduits qui s'appliquent ou seraient appliqés aux marchandises identiques ou similaires originaires et en provenance de tout autre pays.

Toutefois, en ce qui concerne la morue restera valable l'accord existant entre le Gouvernement de l'Islande d'une part et le Gouvernement de l'Espagne d'autre chandises identiques ou similaires originaire et en provenance d'Islande ne sera pas soumise à un traitement douanier moins favorable que celui qui est concédé ou qui pourrait être concédé à la morue de tout autre pays quelconque, tant en ce qui concerne les droits douaniers que les formalités douaniéres en général aussi longtemps que les relations commerciales entre l'Islande et l'Espagne reposent sur une base conventionnelle, soit provisoire, soit definitive à condition que l'Islande exempte les vins qui n'excèdent pas 21 degrés d'alcool, originaires et en provenance d'Espagne de la loi islandaise, du 14. novembre 1917, sur l'interdiction le l'importation des boissons spiritueuses et à condition que l'Islande ne prenne pas par des dispositions régulatrices concernant l'abus du vin des mesures qui

servent à exténuer les effets de l'exemption des vins espagnols de la dite loi.

3. gr.

Ákvæði samnings þessa ná ekki til ívilnana, sem Spánn hefir veitt, eða síðar kann að veita Portúgal, hinum spanska hluta af Marokkó og hinum spansk-amerísku lýðveldum.

Article 3.

Les dispositions de la présente Déclaration ne sont pas applicables aux concessions que l'Espagne à accordé ou accorderait à l'avenir au Portugal, à la zone espagnole du Maroc et aux Républiques hispano-américaines.

4. gr.

Samningur þessi öðlast þegar gildi og stendur þar til þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi, sem honum er sagt upp af öðrum hvorum aðilja.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir sett nöfn sín og innsigli undir samning þenna.

Saminn í tveim eintökum í Madrid 23. dag júlímánaðar 1923.

Article 4.

La présente Déclaration entrera immediatement en vigueur et restera exécutoire jusqu'à l'expiration d'un délai de trois mois à partir du jour où elle aura été denoncée par l'une des parties contractantes.

En foi de quoi les soussignés ont dressé la présente Déclaration qu'ils ont signé et revêtu de leurs sceaux.

Fait en double expédition à Madrid le vingt trois Juillet mil neuf cents vingt trois.

Í umboði Íslands.

H. A. Bernhoft. (L. S.)

Sant. Alba. (L. S.)

Þetta er hjermeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 30. desember 1924.

Jón Magnússon.